

Vöktun náttúruverndarsvæða 2023

Verkefnið vöktun náttúruverndarsvæða innifól í sér fjórar gerðir vaktanna sem náttúrustofan sinnti á árinu 2023. Það var vöktun á gróðri, náttúruverndarsvæðum, fuglum og þéttleika hagamúsa við Dynjanda.

Gróðursnið

Náttúrustofa Vestfjarða fékk úthlutað 5 vistgerðasniðum sem vitja átti árið 2023. Samkvæmt samningi voru það 3 snið í Borgarlandi og 2 ný snið í Akurey og Hrótey í Breiðafirði. Að beiðni Náttúrufræðistofnunar var sniðunum í Borgarlandi skipt út fyrir þrjú snið: í Hafnarvaðal, Öfundarfirði og Ketildölum. Gróðurskoðanir voru gerðar frá 29. júní - 5 júlí 2023. Vegna veðurfars og aðgengisaðstæðna var tekið gróðursnið í Helgey en ekki Hrótey í Breiðafirði. Veður var að mestu milt en án sólar en í Breiðafirði var vindur og frekar kalt þegar athugun var gerð. Ágætt aðgengi var að sniðunum sem tekin voru. Jarðvegssýnatökur tókust ágætlega enda að mestu sandlendi. Jarðvegssýni voru þurrkuð við heimkomu á morgunblaði og síðan sett í bos og merkt og sent til Náttúrufræðistofnunar í byrjun október 2023.

Á milli gróðurmælinga 2013 og 2023 í Öfundarfirði bættist ein tegund við frá fyrri skoðun. Í Ketildölum hækkaði meðalhæð gróðurs og bættust við þrjár nýjar tegundir. Jarðvegisdýpt var mun minni í öllum seinni athugunum. Það getur skýrst af krafti þess starfsmanns sem ýtir niður teininum.

Fjögur ný snið voru gerð eyjum í Breiðafirði, en tvö önnur sem ekki voru falin í þessu verkefni, sem voru styrkt af Breiðafjarðarnefnd. Snið AEY-03 var tekið í Akurey og og snið HEY01 í Helgey, bæði í sjávarkletta og eyjavist. Niðurstöður mælinga voru færðar inn í gagnagrunn NÍ í nóvember 2023. Greiningar voru gerðar af Hafðísi Sturlaugsdóttir og Huldu Birnu Albertsdóttur, en Rannveig Thoroddsen er hópstjóri verkefnisins hjá NÍ.

Snið	Vistgerð	Staðsetning
VF-08	Grashólavist	Hafnarvaðall
VF-59-01	Hrossanálavist	Öfundarfjörður
VF-59-04	Hrossanálavist	Ketildalir
AEY-03	Sjávarkletta- og eyjavist	Akurey
HEY-01	Sjávarkletta- og eyjavist	Helgey

Vöktun ferðamannastaða

Valagil

Farið var að Valagili 15. ágúst 2023. Teknar voru drónamyndir af öllum stígum frá bílastæðinu að fossinum og teknar myndir á punktum sem notaðir verða sem viðmiðun um ástand stíga.

Dynjandi

Farið var að Dynjanda 9. júlí 2023 og teknar drónamyndir frá bílastæðinu að fossinum ásamt því að endurteknar voru myndatökur á punktum sem teknar voru árið 2021.

Látrabjarg

Farið var að Látrabjargi 24. ágúst 2023 og teknar drónamyndir á 2,5 km svæði sem stígar eru á. Myndatökur voru einnig endurteknar á punktum sem teknar voru á stígum árið 2021.

Pennugil

Farið var að Pennugili 31. ágúst 2023 og teknar voru drónamyndir af stíg vinstra megin við gilið af stíg og umhverfi hans. Myndatökur voru einnig endurteknar á punktum sem teknar voru á stígum árið 2021.

Gil í Syðridal

Farið var að Surtarbrandsnámu í landi Gils í Syðridal þann 9. ágúst 2023. Teknar voru drónamyndir af öllum stígum að námunni, endurteknar myndir á punktum og inn í námunni frá 2021. Allar athuganir á ferðamannastöðum voru gerðar af Ingrid Bobeková.

Mófuglar

Mófuglatalningar fóru fram á 6 sniðum á Vestfjörðum á árinu. Við hvert snið voru 16 punktar taldir með 300 metra á milli. Talið var í 5 mínútur og fjarlægð hvers fugls frá talningapunkti mæld. NV04_06 (Hamarsdalur við Ísafjarðardjúp) var talið 12. júní, NV09_03 (Arnkötludalur við Steingrímsfjörð) var talið 14. júní og NV04_01 (Syðridalur við Bolungarvík) var talið 19. júní 2023. Þessi þrjú snið voru talin af Ingrid Bobeková. NV01-1 (Kirkjubólisdalur við Dýrafjörð) var talið 19. júní, NV05-4 (Langidalur við Ísafjarðadjúp) var talið 14. júní, NV09-7 (Bæjarvötn á Bjarnarfjarðarhálsi) var talið 14. júní 2023 og þau snið talin af Cristian Gallo. Niðurstöður þessa talninga var skilaðar til NÍ í gegn um Monitoring í síðari hluta desember 2023. Verkefnastjóri verkefnisins er Cristian Gallo en hópstjóri NÍ er Borgný Katrínardóttir.

Hagamýs

Sett var upp rannsóknarsvæði í botni Afréttardals við Dynjanda þar sem 100 músargildrum var komið fyrir til athugunar á þéttleika hagamúsa. Gildrurnar stóðu frá 15- 20. október og vitjað um þær á hverjum sólahring. Svæðið var 200*200 m að stærð og voru gildrurnar staðsettar í mismunandi vistgerðum innan svæðisins, flestar í lyngskógavist, en síðan kjarrskógavist, blómskógavist, mosamelavist, starungsmýravist, língresis- og vingulvist, lyngmóavist og fjalldrapamóavist. Útlínu svæðisins má sjá hér að neðan:

<i>Stöðvarheiti</i>	<i>LAT</i>	<i>LON</i>
A1	N65 45 07.3	W23 11 20.2
A10	N65 45 06.3	W23 11 05.8
J1	N65 45 01.5	W23 11 22.2
J10	N65 45 00.5	W23 11 07.7

Þegar fyrsta tæming var gerð 16. október var snjór yfir öllu, frekar kalt um 4°C en sjóa létti þriðjudaginn 17. og hlýnaði þegar leið á vikuna, með rigningu og mis miklum vind. Í hverri ferð voru þrír starfsmenn og tóku ferðirnar misjafnlega langan tíma, lengstu ferðirnar voru með flesta nýveiðina, en fjölda veiddra músa má sjá í töflu hér að neðan. Verkefnastjóri náttúrustofunnar var Sigurður Halldór Árnason og hópstjóri NÍ, Ester Unnsteinsdóttir. Niðurstöður verkefnisins var bætt við gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

<i>Dags</i>	<i>Nýveiði</i>	<i>Endurveiði</i>	<i>Samtals fjöldi veiddra músa</i>	<i>Óflokkaðar*</i>
16.10.2023	30		30	1
17.10.2023	36	21	57	2
18.10.2023	13	46	59	
19.10.2023	10	65	75	2
20.10.2023	6	68	74	
	95	200	295	5

* sluppu án þess að hægt var að mæla og/eða vita hvort væru ný- eða endurveiði.

Hulda Birna Albertsdóttir
Deildastjóri
Náttúrustofa Vestfjarða